

1165. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 8. nóvember 2017, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Dóra Magnúsdóttir, Elizabeth Ann Courtney, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Unnur María Pálmadóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Ragnar Aðalsteinsson hrl, - einnig þau Benedikt Vilhjálmsson og Jóhanna S. Rúnarsdóttir félagslega kjörnir skoðunarmenn VR

Áður en að fundur hófst, samkvæmt dagskrá, óskaði Ragnar Þór eftir samþykki fundarmanna fyrir breytingu á dagskrá þannig að nýr dagskrárliður bætist við – „Kaup á orlofshúsum í Ölfusborgum“ – og yrði nr. 7 og liðurinn „Önnur mál“ færist þá aftar og fengi númerið 8. Einnig óskaði hann eftir samþykki fyrir því að fundurinn yrði lengdur til kl. 21:30.

Samþykkt.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1164. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1164. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Ósk um aðkomu VR að mögulegu dómsmáli vegna ákvörðunar Kjararáðs um laun alþingismanna og ráðherra

Ragnar Þór kynnti gest fundarins, Ragnar Aðalsteinsson hrl sem lagði fram skjalið „*RA DRÖG III*“ dags. 25.10 2017 sem eru drög að stefnu gegn íslenska ríkinu með þeim dómkröfum að ákvörðun Kjararáðs hinn 29. október 2016 um þingfararkaup alþingismanna og launakjör ráðherra verði ógilt með dómi.

Stefnandi er Jón Þór Ólafsson alþingismaður fyrir flokk Pírata en hann hefur verið að skoða að aðrir kæmu að þessu máli svo sem stéttarfélag. Þetta er því hér til kynningar samhliða ósk um að VR komi að málinu en þótt ákvörðun Kjararáðs hafi haft bein áhrif á kjör Jóns Þórs er aðeins meiri óvissa um hvaða lögvörðu hagsmuni VR hafi í málinu og gæti það orðið þröskuldur í málinu – ekki er á vísan að róa. Meginatriðið er að það sé skoðun þeirra að ákvörðun Kjararáðs sé lögfræðilega röng og það yrði mikill styrkleiki að hafa stéttarfélag eins og VR við hlið Jóns Þórs enda mikið í húfi fyrir fjölda fólks og mikill fjöldi stéttarféлага andmælti ákvörðuninni á sínum tíma.

Kjararáð hækkaði laun með hliðsjón af dómara launum og telur Ragnar það ólöglegt að miða við þau laun vegna ákvæða um sérstöðu dómara s.s. að þeir þurfi að vera óháðir og frjárhagslega sjálfstæðir oþh. auk þess sem ætíð skuli taka mið af hækkunum á almennum vinnumarkaði. Það hafi ekki verið gert.

Umræður.

Dóra kom hér til fundar kl. 18:05

Að loknum umræðum og fyrirspurnum þakkaði Ragnar Þór Ragnari fyrir komuna og hans skýringar og vék hann af fundi kl. 18:05.

Stefán benti á að hann hefði fengið álit á málinu munnlega frá öðrum lögmanni og hans mat hafi verið það að aðild VR að málinu sé stóra atriðið. Ef við komumst í gegnum það séu góðar líkur á að vinna málið.

Ragnar Þór sagði að sér þætti áhugavert að láta reyna á þetta og sjá einnig hver viðbrögðin yrðu í þjóðfélaginu.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp þá tillögu sína að við látum á málið reyna í dómsmáli með Jóni Þór Ólafssyni.

Samþykkt með 11 atkvæðum gegn 1. 1 situr hjá.

3. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði frá því að fundað hafi verið í samninganefnd ASÍ. Farið hafi verið yfir kostnað við samninga á almenna og opinbera vinnumarkaðnum.

Þá hafi verið fundur í Miðstjórn ASÍ í dag þar sem til umfjöllunar var ráðstöfun tilgreindrar séreignar í lífeyrissjóð samkvæmt kjarasamningi. Þar sem óvissa ríki um framkvæmdina hafi verið ákveðið að ASÍ og SA sendi bréf þar sem lífeyrissjóðir séu beðnir um að hætta að taka við hinu aukna framlagi í tilgreinda séreign og allt sé sett í sameignarhlutann á meðan málið sé svo óljóst.

Umræður.

Ragnar Þór sagði að einnig hafi verið rætt um að verði samningar lausir í febrúar þá hafi það ekki áhrif á lífeyrishlutann. Menn líti svo á að samkomulag um jöfnun réttinda sé komið í höfn og verði ekki hróflað við því þótt samningar opnist.

Umræður.

Þá lagði Ragnar Þór fram skjölin „*Launagreining – trúnaðargögn*“ dags. október 2017 og „*Tilraunaverkefni um fyrirtækjapátt kjarasamnings hjá Festi hf.*“ dags. 31.10 2017. Sagði hann að fundað hafi verið með Festi ásamt Hannesi frá SA og lögð fram sú hugmynd sem komi fram í þessum skjölum sem sé tilraunaverkefni í einni Krónubúð til 12 mánaða og svo sé því lokið.

Meginatriðið er að dagvinnutímabil lengist og dagvinnukaup hækki en eftirvinnukaup falli niður. Kjarasvið VR hefur skoðað hugmyndirnar og líst illa á það að víkka eigi út dagvinnutímamann – það hafi ekki gefist vel. Spurning sé hvort við ættum að biðja um eitthvað á móti og fá kjarasvið til að móta slíkar kröfur. Það yrði svo lagt fyrir stjórn síðar. Við samþykkjum þetta amk ekki óbreytt eða án þess að fá eitthvað í staðin.

Umræður.

Að loknum umræðum var samþykkt að vísa þessu til skoðunar kjaramálasviðs VR.

4. Rekstraráætlun VR 2018

Gestir fundarins, þau Benedikt Vilhjálmsson og Jóhanna S. Rúnarsdóttir, félagslega kjörnir skoðunarmenn VR, gengu nú til fundar kl. 20:35. Stefán lagði fram skjölin „*Rekstraráætlun VR 2018*“, „*Rekstraráætlun 2018 – skýringar*“ og „*Rekstraráætlun 2018 – deildarskipt*“. Fór hann næst yfir efni þeirra og sagðist hann fyrst fara yfir stóru myndina en síðan forsendur áætlunarinnar og loks ýtarlegri atriði.

Í máli Stefáns kom m.a. fram að rekstrartekjur 2018 væru áætlaðar 4.3 milljarðar kr. sem er 15.09% aukning sem skýra megi með m.a. fjölgun félagsmanna og launahækkunum. Rekstrargjöld eru áætluð tæpir 4 milljarðar kr. og þannig rekstrartekjur umfram gjöld áætlað 328 milljónir kr. Varðandi ávöxtun þá er gert ráð fyrir að fjármunatekjur verði 443 milljónir kr. en alltaf sé þó mikil óvissa með þennan lið og erfitt að áætla. Hreinar tekjur til ráðstöfunar væru þá 680 milljónir kr.

Helstu forsendur rekstraráætlunar eru þær að gert er ráð fyrir því að félagsmönnum fjölgi um 2% og að laun hækki um 3,0% þann 1. maí 2018 auk þess að launaskrið verði 4,7%.

Miðað er við að verðbólga verði 2,6% og að meðalávöxtun á verðbréfasafni verði 4,42%, raunávöxtun verði 1,78%.

Þá er gegnið út frá því að stöðugildi verði 59,8 á árinu 2018, að greiðsla sjúkradagpeninga hækki um 11,4% og að framlag í VR varasjóð verði 785 milljónir kr.

Stefán fór einnig yfir deildarskipta rekstraráætlun og ýtarlegri skýringar á mörgum liðum. Kom m.a. fram að stefnt sé að því að fara í herferð sem hafi vinnuheitið „Þekktu þín mörk“ sem snýr að því að upplýsa félagsmenn um sjúklega streitu, hvernig eigi að þekkja einkenni og hvernig megi bregðast við þeim vágesti. Þá verði sett upp rafræn námsgátt fyrir sjálfmat/raunfærnimat á þrepi 2 í verlsun vegna starfs verslunarfulltrúa, keypt verði 4 orlofshús og byggt nýtt þjónustuhús í Miðhúsaskógi.

Þá ræddi Stefán frekar ávöxtun og fór yfir fjárfestingastefnu VR fyrir árið 2018 en hún er óbreytt frá því sem var.

Umræður.

Að loknum umræðum viku þau Benedikt og Jóhanna S. af fundi kl. 20:40

5. **Aðkoma VR að stofnun á leiguíbúðafélagi**

Ragnar Þór sagði þetta mál eingöngu hér á dagskrá til kynningar en að svo tókum við sérstakan fund um málið. Hvatinn að því að áhugavert væri að skoða aðkomu VR að leiguíbúðafélagi er að lítið framboð sé af leigueignum og einnig er leiga mjög há af því sem sé í boði t.d. sé algengt að 80 – 90 fm íbúð sé leigð á 200 – 280 þús. kr. á mánuði.

Stefán reifaði nú málið og studdist við slæður þar sem kom m.a. fram að okkur bjóðast kaup á 40 íbúðum í Gerplustræti Mosfellsbæ en byggingin verður tilbúin til afhendingar vorið 2018 en þetta eru eignir frá 62fm – 125 fm og heildarverðið 1,7 milljarður kr. Hæg yrði að leigja íbúðirnar á 140 – 230. þús.kr.

Sannleikurinn er sá að vandamál hefur verið að finna eigið fé inn í leigufélög sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni en almennt gera leigufélög ávöxtunarkröfu á eigið fé um 5% - 15% umfram áhættulausa vexti, 10-20% í dag óverðtryggt og 7-17% verðtryggt. Slík félög fjármagna sig oft með 80% lánsfé og 20% eigið fé. Hugmyndi sé því sú að VR stofni leigufélag þar sem ekki væri gerð jafn rík krafa til eigin fjár eins og almennt er gert. VR myndi nýta afl sitt og stærð til að fá afslátt og ná hagstæðari fjármögnun. Þess má geta að fjárfesting okkar jafngilti 5% af heildareignum.

Auðvitað væri þetta ekki áhættulaust en oft koma t.d. gallar fram í byggingum á síðari stigum og einnig geta orðið óhagstæðar breytingar á markaðsaðstæðum auk verðbólgu skota sem geta sett áætlanir úr skorðum. Allt þetta og fleira yrði að skoða betur og nánar svo ekki sé minnst á hvernig úthlutunarreglum yrði stillt upp.

Umræður.

Að loknum umræðum var ákveðið að skoða þetta mál áfram og einnig í húsnaðisnefnd VR.

Ragnar Þór óskaði nú eftir samþykki fundarmanna fyrir því að lengja fundinn til kl. 22:00

Samþykkt.

6. Pension Pro

Stefán lagði fram skjalið „Ný upplýsingaveita um lífeyrismál, ókeypis fyrir almennig!“ en þar var nánar reifað upplýsingar um vefinn og hugbúnaðinn Pension Pro sem áður hefur verið fjallað um á vettvangi stjórnar þar sem birtur yrði ítarlegur samanburður um árangur lífeyrissjóða, bæði sameignar- og séreignarsjóða. Allt eru það upplýsingar sem liggja ekki auðveldlega fyrir og erfitt er að finna.

Leitað er að þremur lykilkahjörllum sem greiða 1,4m kr. +VSK per aðila og 350 þús. kr. +VSK í viðhaldskostnað.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór það upp til atkvæða hvort VR ætti að taka þátt í þessu.

Hafnað með 5 atkvæðum á móti 4 en 4 sátu hjá.

7. Kaup á orlofshúsum í Ölfusborgum

Ragnar Þór sagði að okkur bjóðist nú til kaups tvö nýlega standsett orlofshús í Ölfusborgum á 18 milljónir kr. hvort hús. Þetta gæti verið mjög góður kostur fyrir okkur því ekki aðeins sé verðið hagstætt heldur er þetta það orlofssvæði þar sem nýting okkar sé best.

Bar hann þá upp til atkvæða hvort VR ætti að kaupa þessi hús.

Samþykkt samhljóða.

Fundi var slitið kl. 22:10
Árni Leósson, fundarritari